



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

12. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn 29. október 2019 kl. 18 að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt var stjórnin öll þau Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Staða safnvarðar. Safnstjóri lagði fram auglýsingu fyrir starf safnvarðar. Mun auglýsingin birtast í Dagskránni, Fréttablaðinu og á heimasíðu safnsins. Farið var yfir texta auglýsingarinnar og samþykkt að auglýsa stöðu safnvarðar. Gert er ráð fyrir að nýr starfsmaður hefji störf ekki síðar en 1. mars 2020. Um ráðninguna fer eftir 12. grein erindisbréfs stjórnar.
2. Rekstrarstaða. Byggingareikningur safnsins hefur lánað rekstrarreikningi átta milljónir á árinu til rekstrar safnsins. Nú liggur fyrir þörf á að skila þessari upphæð til baka vegna framkvæmda við Búðarstíg 22. Samþykkt var að skrifa upp á heimild til yfirdráttar á rekstrarreikning að upphæð 10 milljónir króna sem lækka mun 15. febrúar um fjórar milljónir og um aðrar fjórar milljónir 15. apríl 2020. Íslandsbanki býður safninu hagstæð kjör á vöxtum.
3. Framkvæmdir við Búðarstíg 22. Stjórn Byggðasafns Árnesinga fagnar ákvörðun haustfundar Héraðsnefndar Árnesinga um áframhaldandi uppbyggingu Byggðasafns Árnesinga.
4. Leigusamningur um Hafnarbrú 3. Safnstjóri kynnti ný drög að leigusamningi sem fasteignasala Lögmannna Suðurlands hefur gert um leigu safnsins á Hafnarbrú 3 af Alpan ehf. Leigutími verður til 31. desember 2020 og framlengist sjálfkrafa eftir það með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Stjórn safnsins felur safnstjóra að undirrita samninginn.
5. Útboð á fjargæslu. Niðurstaða útboðs varð sú að Öryggismiðstöðin varð lægst í fjargæslu og Árvirkinn lægstur í árlegt eftirlit kerfa í útboði Héraðsnefndar Árnesinga fyrir stofnanir sínar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19.

Árni Eiríksson
Eggert Valur Guðmundsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Lýður Pálsson